


## ✉ Re: 2002015 - ASK BR DSK - Efnistaka í Mýrdalshreppi

Búið til	26.11.2020 16:47:48
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	26.11.2020 16:47:47
Tilheyrir	 202011-0044 - Efnistaka í Mýrdalshreppi

### Efni

Re: 2002015 - ASK BR DSK - Efnistaka í Mýrdalshreppi

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	26.11.2020 16:47:47	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	bygg@vik.is

### Innihald

Tilvísun i málsnr. 202011-0044 (TB, LÁ, IAS)

Vísað er til bréfs frá Mýrdalshrepp, dags. 20. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028, efnistaka í Mýrdalshreppi, um umhverfisskýrslu um sama efni, um deiliskipulagstillögu um efnisvinnsluna og um tilkynningu um framkvæmdina vegna matssskyldu, sem telst í flokki C samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Gefinn er frestur til að svara erindinu til 26. nóvember. Náttúrufræðistofnun lítur svo á að þessi stutti frestur hljóti að vera mistök af hálfu sveitarfélagsins hvort sem málið telst lítið eða stórt í sniðum að mati sveitarfélagsins.

Efnistökusvæðin sem um ræðir er í fjörunni austan við Vík í Mýrdal og fyrirhugað er að vinna 47.000 rúmmetra af sandi sem koma úr efnisnámu í fjöruborðinu. Í deiliskipulagstillögu kemur fram að markmið með deiliskipulaginu er, kafli 1.1, „.....að skilgreina uppbyggingu, frágang og áhrif á umhverfi af vinnslusvæði í fjörunni austan Víkur. Með vinnslu sandsins er verið að búa til verðmæti úr þeirri auðlind sem sandurinn er. **Auðlindin er að miklu leyti endurnýjanleg og vinnslusvæðið er hægt að fjarlægja og er því ekki um óafturkræfa framkvæmd að ræða. (feitletun Náttúrufræðistofnun)**“ Þó ljóst sé hvernig sandurinn við Vík í Mýrdal sé líklega tilkominn þá er ekki þar með sagt að hægt sé að fullyrða að efnisnám hafi ekki áhrif og að auðlindin sé að miklu leiti endurnýjanleg þ.e. einnig í þeim skilningi að efnistakan hafa ekki áhrif á rofferla við ströndina. Í tilkynningu um matssskyldu, greinargerð dags. 16. nóvember sl., segir um Landrof:

„ Breytingar eru stöðugt á strandlínu Víkurfjörú og Fagradalsfjörú og fer það að lang mestu leyti eftir veðri, sjógangi og framburði jökuláa á suðulandi. Efnistaka úr þessum tveimur námum er af framkvæmdaraðila metnar minniháttar og muni ekki hafa áhrif á þróun strandlínu á svæðinu.“ Engar rannsóknir eða vöktun á rofi, þ.e. vegna efnistöku, er þessu til stuðnings í deiliskipulagstillögunni.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi segir í inngangi: „ Því er hér lögð fram breytt tillaga, þar sem magn efnistöku er minnkað verulega og framkvæmdin fellur því ekki lengur undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. lið 2.03. Nú fellur það undir lið 2.04 og er því tilkynningaskyld til sveitarfélags. **Áfram er gert ráð fyrir að efnistakan og vinnslan muni fara í umhverfismat, þegar reynsla er komin á vinnsluna. (feitletrun Náttúrufræðistofnun)**“ Hér kemur fram að sveitarfélagið hefur ákveðið að draga úr hugsanlegri efnistöku fyrst og fremst til að ekki þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Það sem er þó einkennilegra er að í textanum kemur jafnframt fram að sveitarfélagið virðist, fyrirfram, ætla að úrskurða að fyrirhugðu efnisvinnsla upp á tæpa 50.000 rúmmetra fari ekki í mat á umhverfisáhrifum því einungis er fyrirhugað að fara í umhverfismat þegar reynsla er komin á vinnsluna, þ.e. þá vinnslu sem hér er stefnt að. Það er því spurning hvort það sé ómaksins vert að svara erindinu um matsskyldu. Í þessu sambandi er rétt að benda á að framkvæmdir, hvorki vegir, efnisnámur eða annað, eru í eðli sýnu rannsóknarverkefni til að meta t.d. landrof eða annað þó það sé hægt að nýta þær til þess. Mat á umhverfisáhrifum er opið ferli til m.a. að meta hugsanleg áhrif framkvæmda, kosti og galla þeirra, hugsanlegar mótvægisáðgerðir og jafnframt leggja til vöktun og rannsóknir, fyrir og eftir matið, sé talin þörf á því, til að sýna fram á að niðurstaða viðkomandi mats standist eða ekki. Þannig er tekin upplýst afstaða til þeirra framkvæmda sem um ræðir.

Í aðalskipulagstillögunni í kafla 2.7 segir: „Fylgst verður með hvort efnistaka hafi áhrif á landbrot í fjörunni eða efnisflutninga til vesturs, inn í Víkurfjörur. Gengið er út frá því að efnisvinnslan, 47.000 m<sup>3</sup>, úr efnistökusvæðunum verði lokið á 2-4 árum. Ekki er gert ráð fyrir að strandlengjan taki miklum breytingum á þeim tíma nema ef mjög sérstæðar aðstæður í náttúrunni skapist.“ Vel má vera að þetta sé rétt en.....? Einnig kemur fram í kafla 2.7 að nokkur vöktun á sér stað nú þegar. Og í kafla 4.3 segir: „Ekki er hægt að útiloka áhrif á strandrof þótt magn sé það lítið að ólíklegt er að þess sjáist merki. En í ljósi þess er gerð krafa um að gerð sé vöktunaráætlun, þar sem fylgst verðu með breytingu á strandsvæðinu og að sú áætlun verði útfærð í samráði við Vegagerðina eða aðra þá aðila sem fylgst hafa með strandrofi við Vík.“ Þessu ber að fagna og þó gott sé að hafa þetta atriði í umræðu/niðurstöðukafla eða kafla 2.7 í almennri umfjöllun um landbrot og náttúruvá, þá þarf þessi krafa að koma skilmerkilega fram sem krafa í skilmálum fyrir aðalskipulagsbreytinguna og vera þá krafa sem birtist einnig í útgáfu framkvæmdaleyfis eftir því sem við á.

Fram kemur að fyrirhugað er að ljúka 47 þúsund rúmmetra efnistöku á 2-4 árum. Væntanlega er gert ráð fyrir frekari efnistöku sbr. gögn málsins. Náttúrufræðistofnun teldi eðlilegast að efnistaka á svæðinu, miðað við þær magntölur sem stefnt er að, fari í mat á umhverfisáhrifum.

Að öðru leiti, og með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar, gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við framkomnar skipulagstillögur og matsskyldu fyrirspurn.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "George Frumuselu" <bygg@vik.is>

**To:** "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "natturuvernd@natturuvernd.is" <natturuvernd@natturuvernd.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>

**CC:**

**Subject:** 2002015 - ASK BR DSK - Efnistaka í Mýrdalshreppi

**Date:** 20.11.2020 10:57:03

Góðan daginn,

Óskað er umsagna vegna meðfylgjandi mál.

Kveðja,

**George Frumuselu**

Skipulags- og byggingafulltrúi

Mýrdalshreppur

Austurvegi 17

870 Vík

Sími 487 1210 / 866 3966



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)
image001.jpg (6 KB)
image001.gif (2 KB)